

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Innbæjarins.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 11. desember 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Innbæinn.

Breytingin tekur til Aðalstrætis 13 og felur í sér að byggingarreitur fyrir bílgeymslu er færður um 0,5 metra til norðurs frá lóðarmörkum ásamt því að nýtingarhlutfall lóðarinnar er hækkað úr 0,672 í 0,850.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og ekki var talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 18. desember 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 7. janúar 2025